

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna Urriðaaárlands.

Skipulagsstofnun staðfesti 31. ágúst 2022 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. ágúst 2022.

Í breytingunni felst að frístundabyggð í landi Urriðaaár (F11) stækkar úr 11,4 ha í 23,4 ha og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 31. ágúst 2022.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. september 2022